

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2022
UST202201-206/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - notkun ásætuvanna Arctic Sea Farm - Dýrafjörður

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin sem hér um ræðir og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

Framkvæmdarlýsing

Arctic Sea Farm (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) áformar að nota ásætuvannir sem innihalda koparoxíð á eldissvæðum sínum í Dýrafirði. Fyrirhugað er að nota sæfivöruna Netwax E5 Greenline sem er með markaðsleyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Samkvæmt vöktun framkvæmdaraðila við Haukadalsbót árin 2020 og 2021 og við Eyrarhlíð árið 2020 var styrkur kopars á bilinu 39,1 - 53,5 mg/kg en við Gemlufall var styrkur kopars á bilinu 63,9 - 77,8 mg/kg árið 2020. Styrkur kopars í Haukadalsbót og Eyrarhlíð var því undir umhverfismörkum II skv. B-hluta fylgiskjals reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns en Gemlufall undir umhverfismarkmiðum III.

Framkvæmdaraðili áformar að taka botnsýni áður en eldi hefst, við hámarkslífmassa og eftir að hvíld svæðis er yfirstaðin. Ef niðurstöður botnsrannsókna eru slæmar, þ.e. lífræn ákoma er of mikil eða of mikið álag á botn eða botndýralíf verður gripið til aðgerða sem ýmist miða að því að lengja hvíldartíma, færa kvíastæði innan eldissvæðis, fækka útsettum seiðum á eldissvæðið og draga þannig úr lífmassa eða hætta að nota eldissvæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að auk þess að gefa út starfsleyfi fyrir starfseminni hefur stofnunin einnig eftirlit með henni m.t.t. áhrifa hennar á umhverfi. Stofnunin bendir á að verði starfsleyfisskilyrðum breytt á þann hátt að notkun ásætuvanna verði heimil verður einnig ákvæði um endurskoðun á heimildinni ef mælingar sýna fram á aukningu yfir viðmiðunarmörkum auk þess sem kveðið verður á um reglubundnar mælingar á styrk

kopars í botnseti í vöktunaráætlun og þær mótvægisáðgerðir sem rekstraraðili skal grípa til ef styrkur kopars í botnseti mælist yfir viðmiðunarmörkum.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar munu áhrif kopars ekki verða umtalsverð á notkunarsvæðinu þar sem nótapokarnir eru þvegnir í þvottastöð á landi þar sem gera má ráð fyrir að mest af koparnum falli til og tekið er á þar.

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegri tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur